

56. fundur hverfisnefndar lunda- og gerðahverfis haldinn í Leikskólanum Lundarseli 8. október 2015 kl. 20.00

Mættir: Martha Laxdal, Anna Krístrún Sigurpálsdóttir, Ingólfur Helgason, Þorberg Þorbergsson og Svala Björnsdóttir

Aðalfundur 15. október

Ræddum verðandi aðalfund, fórum m.a. í gegnum dagskrá fundarins. Ingólfur ætlar að taka að sér fundarstjórn og Martha fundarritun. Aðalmál kvöldsins er kosning nýrrar stjórnar þar sem sennilega fimm nýjir aðilar eru komnir í stjórn. Eftir aðalfund munu Svala og Þorberg hætta störfum í nefndinni.

Grillhús nefndarinnar á lóð Lundarskóla.

Lítið hefur gerst í grillhúsmálum sem áætluð voru í sumar. Þó var haft samband við okkur í vikunni og húsið er komið á næsta stig. Verður pantað frá Lappset og farið verður fljótlega í að græja smá stíg á svæðinu ásamt lýsingu. Einnig verður farið í að athuga með grillið sjálft ásamt borðum, bekkjum o.þ.h.

Ræddum lítillaga kostnað við grillhúsið og svæðið í kring, mögulega er fyrir hendi eitthvað fjármagn til að fjárfesta í litlum og/eða stórum leiktækjum til að setja á svæði Bjarkarlundar 2.

Umferð við Akurgerði

Íbúi við Akurgerði hafði samband við nefndina og lýstiyfir áhyggjum af akstri stórra fyrirtækisbíla á götunni á dagvinnutíma, bílar sem eru að fara að eða frá Kaupangi. Mikið af barnafjölskyldum hafa flust við götuna undanfarin ár, auk þess sem dagmömmur og dagforeldrar starfa í Akurgerði. Mikið er því um ung börn og gangandi vegfarendur á svæðinu. Telur umræddur íbúi að akstur þessa stóru bifreiða geti verið mikil slysaöldra og að auki telur hann hraðatakörk ekki virt við götuna og er það mikið áhyggjuefni. Við götuna er 30 km hámarkshraði og þrengingar sem virðist ekki vera nóg til að aftra stórum flutningabílum akstur um götuna. Svo virðist vera að bílstjórar stórra fyrirtækja s.s. Olúbílar, 10-11 bílar, bílar frá Nesfrakt og frá Eimskip kjósi frekar að keyra hina þröngu götu Akurgerðar en að halda út í Þingvallastrætið og aka þaðan að Kaupangi. Þingvallastrætið er stofngata og ætti því að notast fyrir akstur stórra fyrirtækisbíla. Við viljum gjarnan sjá teljara sem telur bíla sem fara um götuna og reyna að henda reiður á fjölda flutningabíla sem fara um götuna dag hvern. Nefndin leggur auk þess til að áberandi skilti fari á sitt hvorn enda götunnar þess efnis að banna akstur stórra flutningabíla frá morgni til eftirmiðdags. Auk tillagna okkar hér fyrir ofan væri fínt ef bæjarráðsmenn kæmu með hugmyndir að viðunandi lausnum til að minnka hraða og koma í veg fyrir akstur stórra bifreiða um götuna og beina þeirri umferð út í Þingvallastrætið.

Órækt í trjálundi

Við okkur hafði samband íbúi á efri brekku og kvartaði yfir illgresi og illa hirtum trjálundi meðfram stíg norðan við Hjallalund og sunnan við sparkvöll ofan og sunnan við Lundarskóla. Nefndarmenn taka undir óræktina og fer þess á leit við bæinn að hirða þennan trjálund og gera hann fegurri.

Fundi slitið kl. 21.30
Fundargerð ritaði,
Svala Björnsdóttir